

KANDÍDATAR Í SÓTTKVÍ VEGNA COVID19 VEIRUNNAR

Reglur varðandi læknakandídata sem þurfa að fara í sóttkví eða eru frá vinnu vegna COVID-19 sýkingar:

1. Læknakandídat sem settur er í sóttkví og getur ekki starfað á sinni starfsstöð eða í verkefnum á vegum starfsstöðvar að heiman, getur sótt um að starfa við úthringingar á vegum Covid-teymis Landspítala, sé slík vinna í boði. Kandídatinn hefur þá samband við Elísabet Lilju Haraldsdóttur (elisaha@landspitali.is) og óskar eftir að vinna með úthringingateyminu á meðan á sóttkví stendur. Taka þarf fram upphafs- og lokadag tímabils í sóttkví. Afrit af þessu bréfi sendist á netfangið sigruni@landspitali.is.
2. Kandídat í sóttkví getur fengið metið starf, sem unnið er á vegum heilbrigðisstofnunar á meðan á því tímabili stendur s.s. vinnu við úthringingar, en þarf að standa skil á eftirfarandi:
 - a. Halda skrá yfir tíma sem unninn er og fjölda sjúklinga sem hringt er í (ekki persónugreinanlegar upplýsingar) og hlaða því inn í ePortfolio-ið undir „Addl Achievements“ og „Personal library“.
 - b. Gera aukalega að lágmarki eina ígrundun um þessa vinnu fyrir hverjar tvær vikur sem læknakandídat sinnir úthringingum. Læknakandídat þarf að ræða þessar ígrundanir við handleiðara sinn og er hvattur til að leita til handleiðarans ef upp koma erfiðar áskoranir. Mikilvægt er að skráð verði í ePortfolio að umræða um þessa/þessar ígrundanir hafi farið fram með handleiðara.
 - c. Læknakandídat þarf samt sem áður að skila öllum matsblöðum/atriðum sem þarf að uppfylla samkvæmt marklýsingu um kandídatsár. Engar undantekningar verða gefnar á því.
3. Miðað er við að hægt verði að fá metnar að hámarki 4 vikur í sóttkví, þar sem læknakandídat vinnur að heiman, sem hluta af kandídatsári. Ef þörf er á lengra tímabili verða slík tilfelli skoðuð sérstaklega.
4. Ef kandídat kemst ekki í vinnu á starfsstöð eða við úthringingar hvort sem um sóttkví er að ræða eða tímabilið eftir að hafa lokið einangrun vegna Covid-19, þá er sá tími talinn með til fjarvista af kandídatsárinu.